

Ed.

166. Frumvarp til laga

[122. mál]

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Einar Ágústsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Í 1. gr. breytist skilgreining orðanna alifiskur, fiskur og veiðimál, og við bætast nýjar mgr. með skilgreiningu á hugtakinu almenningur í stöðuvatni, sem komi á eftir orðinu alifiskur, á hugtakinu jörð, er komi á eftir orðinu göngusilungur, og á hugtakinu veiðihlutur, sem komi á eftir orðinu vatnasilungur.

Alifiskur: Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

Fiskur: Lax (*Salmo salar*), silungur (*S. trutta* og *S. alpinus*) og regnbogasilungur (*S. irideus*) eða annar vatnafiskur, ef ræktaður verður.

Veiðimál: Hvers konar mál, er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

Almenningur í stöðuvatni: Sá hluti stöðuvatns, sem liggur fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra, sem að vatninu liggja.

Jörð: Lögbyli samkvæmt ábúðarlögum.

Veiðihlutur: Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan.

3. gr.

Síðasti málsliður 5. gr. hljóði svo:

Veiðifélagi við slík vötn er heimilt að ráðstafa veiði í samræmi við lög þessi.

4. gr.

6. gr. orðist svo:

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er hvorum landeiganda heimil veiði í því veiðivatni innan þeirra marka, er lög þessi segja til um. Eigi er landeiganda rétt að standa að veiði hinum megin ár, en bjarga má hann veiði og veiðitæki að hinu landinu.

5. gr.

Framan við 12. gr. komi ný mgr., sem verði 1. mgr., svo hljóðandi, enda breytist tölusetning annarra mgr. í samræmi við það:

1. Hverjum þeim, er stundar lax- og silungsveiði, skal gert að kaupa veiðimiða, sem heimili honum að veiða lax og silung og að kaupa leyfi til slíkrar veiði, sbr. 92. gr. 6. lið. Veiðimiði er gefinn út á nafn veiðimanns og gildir eitt veiðitímabil.

6. gr.

Á eftir síðustu mgr. 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

7. Með sama skilorði og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hættu er á, að lax geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

7. gr.

1. málsliður 2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns á tímabilinu frá 1. marz til 1. október en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m³ á sekúndu, en 2000 metra, ef vatnsmagnið er meira.

8. gr.

2. mgr. 18. gr. orðist svo:

2. Á tímabili því, sem um getur í 1. mgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en 3 mánuði. Í veiðivötnum, þar sem laxveiði í net er iðkuð, er skylt að friða lax og annan göngufisk fyrir hvers konar veiði í 14 daga samfleytt á tímabilinu frá 20. maí til 15. júlí ár hvert. Skulu veiðifélög, hvert á félagssvæði sínu, ákveða þennan friðunartíma innan nefndra tímamarka, og má breyta honum frá ári til árs. Taka slík ákvæði gildi, þá er veiðimálastjórn staðfestir þau. Nú ákveður veiðifélag eigi veiðitíma samkvæmt þessari mgr., og skal veiðimálastjóri og veiðimálastjórn þá kveða á um hann. Með sama hætti skal með fara, þar sem veiðifélag er eigi starfandi.

9. gr.

1. mgr. 19. gr. orðist svo:

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 96 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagskvölds kl. 10. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og ákvæðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

10. gr.

1. mgr. 22. gr. hljóði svo:

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.—21. gr. svo og ákvæði 38. gr. er leyfilegt að veiða lax og silung til klaks og vísindalegra rannsóknna, hvenær sem er, hvar sem er og án tillits til stærðar.

11. gr.

Aftan við 2. mgr. 22. gr. komi:

Hrogn, sem þannig er aflað, er óheimilt að flytja úr landi nema með samþykki fisksjúkdómanefndar og að fengnu útflutningsleyfi viðkomandi yfirvalda.

12. gr.

Á eftir 2. mgr. 25. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

3. Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, og skal ráðherra heimilt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

13. gr.

Ný mgr. komi í 27. gr., sem verði 2. mgr., og breytist töluröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Leyfi veiðimálastjórnar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum eignum eða úr eignum framleiddum með nýjum aðferðum.

14. gr.

2. mgr. 30. gr., sem er ný, verði svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Eigi má stunda stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti né á vikufriðunartíma þessara veiðitækja. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um, hversu haga skuli veiði og friðun í vatni hverju, en hafa skal hann samráð um það við veiðifélag.

15. gr.

4. mgr. (áður 3. mgr.) 30. gr. orðist svo:

4. Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálastjórnar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits veiðifélags.

16. gr.

5. mgr. 34. gr. orðist svo:

5. Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet vera tekin öll upp úr vatni. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að á garði að lagneti, krókneti, kistu eða veiðikró skuli höfð fleiri hlið en áður getur, og skulu þau standa opin þann tíma viku, er vötn eru friðuð samkvæmt 19. gr. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu standa opin á sama tíma. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

17. gr.

3. mgr. 35. gr. hljóði svo:

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar.

18. gr.

Málsliður b í 2. mgr. 41. gr. hljóði svo:

b. Ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni, og það hefur verið samþykkt á aðalfundi veiðifélags, enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur.

19. gr.

VIII. kafli: Um fiskræktarfélag falli niður.

20. gr.

IX. kafli: Um veiðifélag verði VIII. kafli, og töluröð annarra kafla og greina breytist í samræmi við það.

21. gr.

44. gr. (áður 62. gr.) orðist svo:

1. Skytt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiski-hverfi, svo fljótt sem kostur er. Rétt er félagi:

- a. Að ákveða, að veiða skuli með tilteknum veiðitækjum, eftir því sem segir í lögum þessum.
- b. Að láta stunda veiði.
- c. Að selja á leigu rétt til stangarveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess.
- d. Að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

2. Veiðifélagi er skytt að stunda fiskrækt, eftir því sem við á. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eyðing sels og annars veiðivargs, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

3. Um slíkan félagsskap, sem getur í grein þessari, skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

22. gr.

45. gr. (áður 63. gr.) orðist svo:

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

- a. Heilt fiskihverfi.
- b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.
- c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.
- d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum, er staðsett eru á sama landssvæði.

2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og er rétt, að félagssvæði nái svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á.

23. gr.

46. gr. (áður 64. gr.) orðist svo:

1. Veiðimálastjóri og veiðimálastjórn ákveða félagssvæði veiðifélags innan marka laganna.

2. Frumkvæði að stofnun veiðifélags hafa:

- a. Einn eða fleiri ábúendur eða eigendur jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði í samráði við veiðimálastjóra og veiðimálastjórn.
- b. Veiðimálastjóri í samráði við veiðimálastjórn.
3. Veiðimálastjóri hlutast til um boðun stofnfundar.

24. gr.

47. gr. (áður 65. gr.) orðist svo:

1. Nú ber að stofna félag við vatn, sem veiði er í, og skal kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði svo og eigendur eyðijarða. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn frá landareign að fullu, og skal boða handhafa veiðiréttar. Þá menn, er veiði kunna að eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2. mgr. 8. gr., er eigi skylt að boða, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, þá er stofnað hefur verið, ef þeir sanna rétt sinn. Eigi skulu þeir hafa atkvæðisrétt um málefni, er varða aðrar veiðiaðferðir en dorgarveiði.

2. Nú ber að stofna veiðifélag við vatn, sem verið hefur veiðilaust, og skal boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

3. Fund skal boða skriflega eða í símskeyti og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Fundur er lögmatúr, ef hann er löglega boðaður.

25. gr.

48. gr. (áður 66. gr.) orðist svo:

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 47. gr., skal leggja fram bréf með ákvörðun veiðimálastjóra og veiðimálastjórnar um félagsstofnun ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni, kjósa stjórn og bóka fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

3. Nú er stofnað veiðifélag, sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum, og skal koma eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli, sem á veiðirétt á þeim afréttum eða rétt á til upprekstrar á þá.

26. gr.

67. gr. falli niður.

27. gr.

68. gr. falli niður.

28. gr.

Í stað 1. mgr. 69. gr. laganna (verður 49. gr.) komi tvær mgr., svo hljóðandi:

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal setja félaginu samþykkt á stofnfundi eða á öðrum fundi, sem boðaður er á sama hátt sem stofnfundur. Atkvæði $\frac{2}{3}$ félagsmanna þarf til þess, að samþykkt sé gerð. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Nú verður samþykkt eigi gerð vegna ónógrar fundarsóknar eða af öðrum ástæðum, og skal boða til annars fundar á sama hátt og að framan greinir. Ræður þar afl atkvæða. Um félagsmál, sem eigi er sérstaklega ákveðið í lögum, gildir afl atkvæða.

2. Nú er eigi gerð lögmaet samþykkt samkvæmt 1. mgr., og er þá veiðimálastjóra og veiðimálastjórn rétt að setja félaginu samþykkt, sem gildir, unz félagið setur sér lögmaeta samþykkt með þeim hætti, er í 1. mgr. segir. Nú greinir veiðimálastjóra og veiðimálastjórn á, og sker ráðherra úr.

29. gr.

50. gr. (áður 70. gr.) orðist svo:

1. Á fundi, boðuðum á sama hátt og stofnfundur, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma á í hlut hvarrar jarðar eða jarðarluta, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði. Við niðurfjöfnun veiði eða arðs af henni skal m. a. taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.

2. Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og skal greiða atkvæði um hana, eins og segir í 1. mgr. 49. gr. Í arðskrá skal greina tímamark fyrir gildistöku hennar. Nú verður arðskrá eigi löglega samþykkt, og skal stjórn veiðifélags óska eftir mati samkvæmt 96. gr. Einnig er félagsmanni, sem telur gengið á hlut sinn með arðskrá, rétt að krefjast mats samkvæmt 96. gr. Tekur mat gildi tveimur mánuðum eftir birtingu í ábyrgðarbréfi frá stjórn veiðifélags eða á annan sannanlegan hátt, enda sé yfirmats eigi krafizt. Nú fer yfirmat fram, og tekur það gildi frá þeim tíma, er yfirmatsmenn ákveða.

3. Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá, sem gilt hefur í fimm ár.

30. gr.

5. mgr. 56. gr. (áður 76. gr.) er ný og orðist svo:

5. Um endurskoðun arðskrár skal að öðru leyti fara eins og segir í 50. gr.

31. gr.

59. gr. (áður 79. gr.) orðist svo:

1. Nú verða ábuendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Eignir veiðifélags skulu teljast fylgifé jarða á félagssvæðinu í arðskrárhlutfalli. Ef ágreiningur verður vegna eignarhluta í veiðifélagi, sker mat úr, sbr. 97. gr.

32. gr.

80. gr. og 81. gr. laga nr. 53/1957 falli niður.

33. gr.

58. gr. laga nr. 53/1957 verði 60. gr.

34. gr.

61. gr. (áður 59. gr.) orðist svo:

1. Nú vill veiðifélag með ráði og samþykki veiðimálastjóra auka friðun eða láta vikufriðun gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, auka fjarlægð milli fastra veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, stytta hámarks lengd þeirra, draga úr veiðni veiðitækja, fækka þeim eða kveða á um meiri lágmarksstærð fisks, sem veiða má, og er það rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmætur félagsfundur samþykkir með $\frac{3}{5}$ atkvæða félagsmanna, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 49. gr. laga þessara, og fundarefnis sé getið í fundarboði.

2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálastjórn með samþykkt.

35. gr.

66. gr. (áður 86. gr.) orðist svo:

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni, og öðlast hún þar með réttindi samkvæmt því, sbr. 70. gr. Ráðherra er rétt að setja skilyrði í reglugerð.

36. gr.

Á eftir 66. gr. komi ný grein, sem verði 67. gr. (áður 1. mgr. 60. gr.):

Hverjum manni er skylt að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

37. gr.

Á eftir 72. gr. komi ný grein, er verði 73. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er rétt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva á sama hátt og ákveðið er í 6. og 7. mgr. 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni í því skyni, að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

38. gr.

74. gr. (ný gr.) orðist svo:

1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, og sé hann formaður, veiðimálastjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað, er að fisksjúkdómum lýtur.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skal starfa sérfræðingur í fisksjúkdómum, og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

39. gr.

75. gr. (áður 92. gr.) orðist svo:

Bannað er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni. Ráðherra er rétt að leyfa innflutning lifandi hroгна slíkra fiska, enda mæli fisksjúkdómanefnd með því og telji eigi hættu á, að sjúkdómar flytjist til landsins með slíkum hrognum, og þeim fylgi heilbrigðisvottorð frá viðkomandi yfirvöldum.

40. gr.

76. gr. orðist svo:

Eigi má flytja til landsins lifandi skrautfiska né hrogn þeirra. Rétt er ráðherra að leyfa tilteknum aðilum slíkan innflutning, enda samþykki fisksjúkdómanefnd það hverju sinni og sé fyrir hendi heilbrigðisvottorð, sem hún metur gilt.

41. gr.

77. gr. (áður 93. gr.) orðist svo:

1. Sótthreinsa skal hrogn, ílát og umbúðir um hrogn eða skrautfiska, sem flutt eru til landsins samkvæmt 75. og 76. gr., baða skrautfiska úr lyfjablöndu, ef ástæða þykir til, svo og hafa hrogn og fisk í sóttkví, ef nauðsynlegt þykir. Fisksjúkdómanefnd gefur fyrirmæli um sóttthreinsun og sóttkví og hefur eftirlit með henni.

2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum yfirdýralæknis.

42. gr.

78. gr. orðist svo:

Fisksjúkdómanefnd er rétt, ef ástæða þykir til, að fyrirskipa sóttthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt sé að flytja hann inn í landið, enda sé vottorð eigi lagt fram um, að veiðitæki og veiðibúnaður hafi verið sóttthreinsaður erlendis. Enn fremur er nefndinni rétt að banna, ef ástæða þykir til, innflutning á dauðum vatnafiski, ferskum eða frystum.

43. gr.

79. gr. (áður 95. gr.) orðist svo:

Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunnsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra rétt að fengnum tillögum fisksjúkdómanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

44. gr.

80. gr. orðist svo:

Ráðherra er rétt eftir tillögum fisksjúkdómanefndar að setja reglur um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum, svo og kveða nánar á um önnur ákvæði þessa kafla, eftir því sem þurfa þykir.

45. gr.

82. gr. (áður 97. gr.) orðist svo:

Rétt er að skjóta eða stýggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

46. gr.

Í upphafi 1. og 2. mgr. 83. gr. (áður 98. gr.) komi orðið arðgæf í stað orðsins friðlýst, og hefjist báðar mgr. þannig: „Nú eru arðgæf selalátur og . . .“

47. gr.

2. mgr. 84. gr. (áður 99. gr.) orðist svo:

2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær í arðskrárhlutfalli. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

48. gr.

85. gr. (áður 100. gr.) verði upphafsgrein XIII. kafla: Um stjórn veiði- og fiskræktarmálanna, og orðist svo:

1. Ráðherra hefur yfirstjórn allra veiði- og fiskræktarmála. Til aðstoðar ráðherra um stjórn þessara mála eru:

1. Veiðimálastjórn, sbr. 86. gr.
2. Veiðimálastjóri, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri veiðimálastjórnar.
3. Fiskræktarráðunautur, sem jafnframt hefur yfirumsjón með klak- og eldisstöðvum ríkisins.
4. Eftirlitsmenn með veiði.

2. Rétt er ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjórnar, að setja reglugerð um verksvið, vald og ábyrgð þessara aðila innbyrðis í samræmi við ákvæði laganna.

3. Veiðimálastofnun Íslands er veiðimálastjórn með veiðimálastjóra og fiskræktarráðunaut samkvæmt lögum þessum.

49. gr.

86. gr. (áður 102. gr.) orðist svo:

1. Veiðimálastjórn er skipuð 5 aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum til 5 ára í senn. Ráðherra skipar formann og varaformann í veiðimálastjórn án tilnefningar. Aðra nefndarmenn og varamenn þeirra skipar ráðherra eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

1. Búnaðarfélag Íslands,
2. Landssamband stangaveiðimanna,
3. Landssambands veiðifélaga og
4. Hafrannsóknastofnunar Íslands.

2. Veiðimálastjórn er ráðherra til aðstoðar um veiði- og fiskræktarmál. Getur hún gert tillögur um allt, er að málum þessum lýtur. Samþykkis veiðimálastjórnar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun eða veiði. Veiðimálastjórn hefur jafnframt með höndum yfirstjórn klak- og eldisstöðva ríkisins.

50. gr.

87. gr. (áður 101. gr.) orðist svo:

Ráðherra skipar veiðimálastjóra og fiskræktarráðunaut í samráði við veiðimálastjórn. Taka þeir laun úr ríkissjóði samkvæmt gildandi reglum í þeim efnum á hverjum tíma um opinbera embættismenn. Veiðimálastjóri skal vera kunnátumaður um vatnalíffræði og hafa almenna þekkingu á veiðimálum. Fiskræktarráðunautur skal vera kunnátumaður í fiskifræði, skipulagningu og rekstri klak- og eldisstöðva og hafa þekkingu í fiskræktarmálum.

51. gr.

88. gr. (áður 103. gr.) verði óbreytt að öðru leyti en því, að ný mgr. komi á eftir 4. mgr. greinarinnar, er orðist þannig:

5. Eftirlitsmanni er heimilt, án undangengins úrskurðar yfirvalds, að rannsaka reykhus, verzlunir, frystihús eða önnur geymsluhús, þar sem grunur leikur á, að ólöglega veiddur fiskur sé geymdur, og taka hann í sínar vörslur, meðan frekari rannsókn fer fram, ef þurfa þykir.

52. gr.

104. gr. laganna verði 89. gr.

53. gr.

90. gr. (ný gr.) verði upphafsgrein í XIV. kafla: Stofnun Fiskræktarsjóðs, lán og styrkveitingar til fiskræktar, og orðist svo:

Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að aukinni fiskrækt í ám og vötnum og efla klak, fiskakynbætur og fiskaeldi í landinu. Sjóðurinn veitir lán og styrki til bygginga slíkra stöðva, enda fullnægi þær settum skilyrðum, eftir nánari ákvæðum reglugerðar um starfsemi sjóðsins.

54. gr.

91. gr. (ný gr.) orðist svo:

Stofnfé sjóðsins er framlag úr ríkissjóði að upphæð 10 milljónir kr., þegar fjárveiting er veitt á Alþingi til þess. Stofnfé sjóðsins er höfuðstóll hans, er eigi má skerða til lána og styrkveitinga.

55. gr.

92. gr. (ný gr.) orðist svo:

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af höfuðstóli.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemi minnst 1 milljón króna.
3. Árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, er nemi búnaðarmálasjóðsgjaldi af laxi og silungi.
4. 2% af veiðitekjum veiðiréttareigenda, er innheimtist af veiðifélögum.
5. 2% af seldum veiðileyfum innan Landssambands stangaveiðimanna, enda óheimilt að leigja eða framselja öðrum aðilum afnot veiðiréttinda en þeim, sem félagar eru í þeim samtökum. Landssamband stangaveiðimanna sér um og annast innheimtu þessara tekna til sjóðsins.
6. Tekjur af seldum veiðikortum árlega til þeirra, er veiði vilja stunda í ám og vötnum landsins, enda öðrum óheimil veiði en handhöfum slíkra korta. Verð slíkra ársveiðikorta telst hæfilegt:
 - a) Til erlendra veiði- og ferðamanna kr. 1000.00.
 - b) Til innlendra veiðimanna yfir 16 ára aldur kr. 300.00.
 - c) Til unglínga undir 16 ára aldri kr. 50.00.
7. 5% af heildartekjum vatnsaflsstöðva í landinu, er orku selja til almennra nota.
8. Leyfisgjald af hverjum þeim, er stundar laxveiði í net eða aðrar gildirur, og þykir hæfilegt, að slíkt gjald sé 2% af aflaverðmæti.
9. Aðrar tekjur.

56. gr.

93. gr. (ný gr.) orðist svo:

1. Ráðherra setur Fiskræktarsjóði starfsreglur í reglugerð, þar sem kveðið er á um skilyrði þau, er fullnægja þurfi til þess að hljóta lán eða styrki úr sjóðnum.

2. Veiðimálastjórn hefur stjórn og rekstur Fiskræktarsjóðs með höndum. Fiskræktarsjóð skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands.

57. gr.

94. gr. (áður 105. gr.) breytist þannig, að í upphafi gr. komi orðin „úr Fiskræktarsjóði“ í stað orðanna „úr ríkissjóði“ og að síðasta setning í gr.: „Rétt er ráðherra að ákveða, hvaða mannvirki skuli styrkja“ falli niður.

58. gr.

95. gr. (áður 106. gr.) breytist þannig, að orðin „úr Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962“ komi í stað orðanna „úr Ræktunarsjóði samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1947“.

59. gr.

Í 3. mgr. 96. gr. (áður 107. gr.) komi orðin „tveir mánuðir“ í stað orðanna „8 vikur“.

60. gr.

Í 1. mgr. 97. gr. (áður 108. gr.) komi orðin „að mestu eða öllu“ í stað orðanna „með öllu“, og ný mgr. bætist við gr., sem verði 3. mgr., svo hljóðandi:

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og má taka þær lög taki. Ákveða má þeim, er tjón hefur beðið, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu.

61. gr.

99. gr. (áður 110., 111., 112. og 113. gr.) orðist svo:

1. Það varðar mann sektum og varðhaldi, ef miklar sakir eru, ef:

- a. Hann veiðir ólofað í vatni annars manns.
- b. Hann hittist með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé, að hann hafi átt þar lög mætt erindi.
- c. Hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð.
- d. Hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, eða fylgir eigi settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð.
- e. Hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal.
- f. Hann brýtur ákvæði 23., 30. eða 38. gr.
- g. Hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólög mætan hátt fiskför um vatn.
- h. Hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði.
- i. Hann hlítir eigi settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.
- j. Hann hlítir annars eigi lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

2. Brot gegn ákvæðum 14. gr. innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi varðar fésektum allt að 500 000 kr. og auk þess varðhaldi, ef miklar sakir eru.

62. gr.

100. gr. (áður 114. gr.) orðist svo (óbreytt):

Brot þau, er getur í c-, d- og h-liðum 99. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lög mætum tilgangi.

63. gr.

101. gr. (áður að nokkru 1. mgr. 110. gr. laganna) orðist svo:

Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og skal sá, er misgert var við, fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

64. gr.

102. gr. (áður 115. gr.) orðist svo:

Ólöglegt veiðitæki og veiðitæki, sem eru notuð með ólöglegum hætti, skulu upp-tæk gerð. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 101. gr.

65. gr.

116. gr. laganna verði 103. gr.

66. gr.

104. gr. er nýmæli og orðast svo:

1. Rétt er dómsmálaráðherra að fela Landhelgisgæzlunni löggæzlu samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við verður komið.

2. Rétt er dómsmálaráðherra að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að rannsaka og dæma brot gegn lögum þessum.

67. gr.

105. gr. (áður 117. gr.) orðist svo:

Veiðifélag, sem löglega hefur verið stofnað samkvæmt eldri lögum, skal haldast, en breyta skal samþykktum þess samkvæmt 1.—2. mgr. 49. gr.

68. gr.

Fella skal niður orðið „fiskræktarfélag“ úr gr. laganna og setja orðið „veiðifélag“ í staðinn og svo fella niður samtengingar eins og t. d. „og“, „eða“ með orðinu „fiskræktarfélag“, þar sem nauðsyn krefur, og orðin „ef til er“ á eftir orðinu „veiðifélag“. Þá skal og breyta tilvitnunum í einstakar gr., þar sem þörf verður á vegna breyttrar töluraðar á lagagreinum. Enn fremur skal fella niður orðið „veiðimálanefnd“ úr gr. laganna og setja orðið „veiðimálastjórn“ í staðinn.

69. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

70. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðdragandi.

Á undanförnum árum hefur öðru hverju verið talað um nauðsyn þess að endurskoða lax- og silungsveiðilögin, nr. 53 5. júní 1957, vegna breytinga, sem orðið hafa á veiðimálum, síðan lögin voru endurskoðuð síðast. Í ársbyrjun 1963 fól landbúnaðarráðuneytið veiðimálanefnd í samráði við veiðimálastjóra að undirbúa endurskoðun laganna. Tillögur þessara aðila voru sendar ráðuneytinu í marz 1965 og þær síðan lagðar fram sem frumvarp á Alþingi með breytingum og viðbótum ráðuneytisins í marz 1966 og svo aftur á þinginu um haustið sama ár. Í tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra var m. a. gert ráð fyrir stofnun veiðiskiptafélaga og fiskræktarsjóðs, en þær tillögur voru ekki teknar upp í frv., en á hinn bóginn bætti ráðuneytið inn í það nýjum atriðum.

Alþingi sendi frv. til umsagnar til margra aðila. Nokkrir þeirra gerðu athugasemdir við tillögur frv. um breytingar á atkvæðagreiðslum í fiskræktarfélögum og veiðifélögum og á skaðabótagreiðslu, sbr. 3. mgr. 35. gr. laganna. Búnaðarþing var í hópi þeirra, sem frv. var sent til umsagnar. Lagði það til, að víðtækari endurskoðun lax- og silungsveiðilaganna færi fram heldur en frv. fól í sér.

Hinn 1. ágúst 1967 skipaði landbúnaðarráðherra átta menn í nefnd „til að endurskoða lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, með hliðsjón af frv. því til laga um breyting á þeim lögum, sem legið hefur fyrir Alþingi á tveimur síðustu þingum. Enn fremur geri nefndin tillögur um fiskrækt í landinu og taki til athugunar ályktun síðasta Búnaðarþings um yfirráð lax- og silungsjarða og afnot af þeim“. Í nefndina voru skipaðir þeir Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari, formaður, Bjartmar Guðmundsson alþingismaður, Guðmundur J. Kristjánsson deildarstjóri, Gunnlaugur E. Briem ráðuneytisstjóri, dr. Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri, Jakob Hafstein lögfræðingur, Þórir Steinþórsson fyrrv. skólastjóri og Þór Guðjónsson veiðimálastjóri, sem verið hefur ritari nefndarinnar. Hinn 22. ágúst 1967 skipaði ráðherra Jón Ármann Héðinsson alþingismann til viðbótar í nefndina.

Nefndin hefur haldið marga fundi og fengið fjölda bréfa frá veiðibændum og veiðimönnum og samtökum þessara aðila. Þá hefur nefndin og gengið á fund landbúnaðarráðherra, Ingólfs Jónssonar, og rætt við hann um nokkrar breytingartilögur við lög, en ráðherrann hafði óskað eftir því í skipunarbréfi nefndarmanna, að undir hann yrðu borin atriði, sem mundu leiða af sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Margar tillögur um breytingar við laxveiðilög voru lagðar fyrir nefndina. Sumar þeirra fólu í sér mikilvægar breytingar frá núgildandi lögum, svo sem að banna netjaveiði, auka vikufriðun, fella niður fiskræktarfélag, gera veiðifélögin að skyldufélögum, auka við fisksjúkdómakaflann, breyta fyrirkomulagi á stjórn veiðimála, stofna fiskræktarsjóð til eflingar fiskrækt og fiskeldi og auka löggæzlu.

Um flestar breytingartillögurnar náðist samstaða í nefndinni svo og um ýmis efni, sem horfa til skýringar eða leiðir af breyttum háttum, frá því að gildandi lög voru sett.

Við endurskoðun laxveiðilaganna hefur verið höfð í huga nú eins og áður nauðsyn þess að vernda fiskstofnana fyrir ofveiði og halda í heiðri hinni gömlu reglu, að ganga skuli: „guðs gjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengit vill hafa“. Ætlunin er að ná þessum markmiðum með því að lengja vikufriðun fyrir netjum um 12 stundir, og einnig með samfelldri friðun í 14 daga á aðalgöngutíma fisks, enda hefur netjaveiðitækni fleygt mjög fram. Enn fremur þykir eðlilegt að setja hömlur á, að tekin séu í notkun net úr nýjum efnum eða úr efnum, sem fullkomnuð hafa verið í framleiðslu sem veiðiútbúnaður.

Merkar nýjungar í frv. eru m. a. breytingar á félagslegu skipulagi veiðimála. Lagt er til, að fiskræktarfélag verði lögð niður, enda hafa þau eigi náð þeirri hylli eða útbreiðslu, sem vænt var í upphafi. Ætlað er hins vegar til, að veiðifélög verði starfandi samkvæmt lögum við öll fiskihverfi landsins, m. a. á afréttum, þar sem slík félög geti náð yfir fleiri en eitt fiskihverfi eftir aðstæðum. Er fyrirhugað að breyta þeirri tilhögun, sem nú er, þ. e. að veiðifélög starfi við sum fiskihverfi og eigi við önnur, enda er stjórn og rekstur veiðimála í góðu lagi, þar sem veiðifélögin starfa, til mikils gagns og hagsbóta fyrir veiðibændur. En þar sem veiðifélög eru eigi starfandi, er skipulagsleysi ríkjandi og fiskrækt vart hugsanleg vegna skorts á samstarfi. Er slíkt ástand til vandræða fyrir menn almennt við einstök fiskihverfi, þó að einstakir veiðibændur kunni að koma ár sinni vel fyrir borð vegna skipulagsleysis. Í nágrannalöndum hefur skipulag á stjórn veiðimála við fiskihverfi eða stærri félagsheildir þegar verið bundið í lögum.

Í frv. er gert ráð fyrir stofnun fiskræktarsjóðs, sem hafi það hlutverk að efla fiskrækt og fiskeldi í landinu með beinum styrkjum og lánnum. Með fiskræktaraðgerðum, eins og t. d. með fiskvegagerð og með því að sleppa seiðum, má auka veiði í ám og vötnum til mikilla muna frá því, sem nú er. Nútíma fiskrækt byggir að verulegu leyti á fiskeldi, þar sem aliseiðum af mismunandi stærðum er sleppt í veiðivötn. En fisk má enn fremur ala upp til neyzlu, og má gera fiskeldið þannig að sérstakri fæðuframleiðslugrein, eins og t. d. á sér stað um silungseldi í Danmörku. Fiskur (alífiskur) er alinn upp í sérstökum eldisstöðvum, sem kostnaðarsamt er að reisa og reka. Geta slíkar eldisstöðvar reist starfsemi sína á mismunandi uppeldis- aðferðum, og fer gerð og kostnaður af byggingu þeirra eftir því. Hér á landi starfa nú tíu fiskeldisstöðvar, og eru flestar þeirra litlar og í eigu einstaklinga. Bendir árangur af starfi þeirra til þess, að fiskeldi eigi mikla framtíð fyrir sér hér á landi, en vitaskuld þarf að leysa ýmsa byrjunarörðugleika, áður en fiskeldi kemst á öruggan grundvöll. Hefur ríkisstjórnin komið á fót tilraunaeldisstöð, þ. e. Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, til þess að vinna að lausn tæknilegra vandamála við fiskeldið svo og að ala upp seiði í því skyni að nota við fiskrækt. Einn aðalerfiðleiki fiskeldis á Íslandi nú er skortur á nægjanlegri fjárhagslegri fyrirgreiðslu fyrir fiskeldisstöðvar og reyndar einnig að því er varðar fiskvegagerð, en fiskræktarsjóði er ætlað að bæta úr þessu.

Með vaxandi fiskeldi erlendis hefur fisksjúkdómamálum verið veitt sívaxandi athygli nú hin síðari ár, enda hafa fisksjúkdómar valdið miklu fjárhagslegu tjóni, m. a. í nágrannalöndunum. Rannsóknir á fisksjúkdómum hafa farið vaxandi, og heilbrigðiseftirliti hefur verið komið á, enda er þess æ tíðara krafizt, að heilbrigðisvottorð fylgi hrognum og fiski, sem fluttur er á milli staða og landa. Í laxveiðilögunum eru ákvæði um innflutning á lifandi fiski og hrognum. Í frv. er bætt við kaflann merkum atriðum, sem miða að því að færa lagaákvæði um fisksjúkdóma í það horf, sem kröfur eru nú gerðar til. Í frv. er gert ráð fyrir, að fisksjúkdómanefnd fjalli um fisksjúkdómamálin og fisksjúkdómafræðingur verði ráðinn, fyrirskipa megi sóttthreinsun á veiðitækjum og veiðibúnaði til þess að hindra, að sjúkdómar berist til landsins með slíkum tækjum, og að komið verði á heilbrigðiseftirliti með klak- og eldisstöðvum.

Verðmæti lax og silungs hefur vaxið mjög hin síðari ár og ásækni manna aukizt í að veiða þessar fisktegundir ólöglega. Ber því nauðsyn til að vernda þær í vaxandi mæli gegn ólöglegri veiði og að auðvelda, að komið sé fram viðurlögum við brotum gegn laxveiðilöggjöfinni. Í frv. eru ákvæði um að létta eftirlitsmönnum leit að ólöglegu veiðifangi, að Landhelgisgæzlan taki að sér veiðieftirlit úr lofti og að sérstakur veiðidómari rannsaki og dæmi veiðilagabrot. Þá hefur refsimörkum verið breytt og þau gerð víðtækari og sektir fyrir laxveiði í sjó verið hækkaðar verulega.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Skilgreiningu á þremur orðum í lögunum er breytt lítilsháttar. Við skilgreiningu á hugtakinu „fiskur“ í lögunum er bætt við orðunum „eða annar vatnafiskur“, og við skilgreiningu á hugtakinu „veiðimál“ er bætt inn „álaveiði“. Skilgreiningu á hugtakinu „almennigur í stöðuvatni“ er að finna í 1. og 4. gr. vatnalaga nr. 15 1923. Rétt þykir að taka þessa skilgreiningu einnig upp í lög um lax- og silungsveiði. Orðið „jörð“ er skilgreint í samræmi við ákvæði ábúðarlaga. Orðið „veiðihlutur“ er hér skilgreint, og er til hægðarauka að taka orðið upp í orðskýringar laganna.

Um 2. gr.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1957 mæla svo fyrir, að eigandi hver eigi veiði fyrir sínu landi, eftir að landareign, er var í sameign, hefur verið skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, enda hafi eigi önnur lögmæt skipun verið á ger. Getur ákvæði þetta leitt til þess, að sumir landeigendur hljóti eftir skiptingu lands betri veiðiaðstöðu heldur en aðrir og samsvarar landareign þeirra. Er grein þessari ætlað að bæta úr þessu. Eigi er samt talið rétt að setja ófrávíkjanlegar reglur um slíka skiptingu, enda er samkvæmt nógildandi ákvæðum gert ráð fyrir, að mönnum sé frjálst að hafa þá skipan á, sem þeir kjósa.

Um 3. gr.

Orðalagi gr. er breytt til samræmingar, sbr. breytingar á ákvæðum um veiðifélög, sjá kaflann um veiðifélög hér að aftan.

Um 4. gr.

Orðalag 6. gr. laganna er eigi alls kostar skýrt um réttarstöðu veiðieiganda gagnvart þeim, sem veiði á gegnt honum við veiðivatn. Er hér gerð tilraun til þess að orða greinina svo skýrt sem kostur er.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er sett til þess að afla fiskræktarsjóði tekna, sbr. 6. lið 55. gr. frv.

Um 6. gr.

Þessi mgr. er nýmæli. Laxveiði framan við árósa hefur að undanfögnu verið reynd með nokkrum árangri í veiðitæki, sem notuð eru til veiða á sjávarfiski. Í 1. mgr. 14. gr. er laxveiði í sjó bönnuð. Ef ákvæði þetta á að koma að gagni að því er varðar veiði framan við árósa, þar sem bann í 6. mgr. nær eigi til, er nauðsynlegt að heimila slíkt veiðibann sem hér greinir, meðan lax er að ganga í árnar á sumrin.

Um 7. gr.

Í tillögum millipinganefndar, sem vann að endurskoðun laxveiðilaganna á árunum 1954 og 1955, var lagt til, að friðunarsvæði við árósa yrðu 1000 metrar. Í meðförum Alþingis var svæðið fært niður í 500 metra. Reynslan hefur sýnt, að 500 metra friðunarsvæði er allt of lítið, einkum við ósa stórfljóta. Er því lagt til, að friðunarsvæði við stærri ár verði 2000 metrar og 1000 metrar við minni ár. Mörkin milli stórra og lítilla straumvatna eru sett við 25 teningsmetra á sekúndu, miðað við meðalrennsli. Til viðmiðunar má nefna, að Laxá í Aðaldal er talin rúmlega 40 teningsmetrar á sekúndu. Mælingar á vatnsföllum hér á landi eru það langt á veg komnar, að vandalítið má telja að skera úr um vatnsmagn í vatnsföllum landsins.

Um 8. og 9. gr.

Frá fornu fari hafa það verið lög á Íslandi, að lax og silungur skuli eiga færi á því að ganga upp eftir veiðivötnum, sbr. ákvæði Jónsbókar, kap. 56: „Ganga skal guðs gjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengit vill hafa“. Ákvæði íslenskra laxveiðilaga, sbr. 17. gr., um friðunartíma, og 18. og 19. gr., um veiðarfæri, svo og VI. kafla, eru öll m. a. miðuð við það að fullnægja þessari fornu reglu, sem reist er á sjónarmiði réttlátrar veiðiskiptingar. En nú á tímum er mönnum orðið ljóst, að hér sé eigi um að tefla einungis veiðiskiptingu, heldur beri brýna nauðsyn til að setja hömlur á veiði til varðveislu á fiskstofnum veiðivatna. Eftir því sem tímar líða, verða veiðitæki öflugri og veiðnari. Leiðir af því, að hömlur við ofveiði, sem nægilegar töldust á tilteknum tíma, reynast ónógar á síðari tíma, er veiðitæki hafa verið endurbætt. Tilkomu betri veiðitækja, frá því að lög nr. 53/1957 voru sett, gera það nauðsynlegt að setja nýjar og fastar reglur um veiði með föstum veiðivélum, en í þessu sambandi er rétt að taka fram, að veiðimálastjóri og veiðimálastjórn ákveða stanga-fjölda í veiðivatni og hafa því heimild til að fækka stöngum í veiðivatni, ef þess gerist þörf. Samkvæmt því, sem nú var sagt, þykir brýna nauðsyn bera til að auka friðun í 14 daga samfelld gegn allri veiði á aðalgöngutíma fisks snemma á veiðitímabilinu, m. a. til þess að varðveita snemmgengna og bezta hrygningarfiskinn.

Þá eru og gerðar þær breytingar á friðunartíma, að friðun gegn netjaveiði skuli hefjast á föstudagskvöldum kl. 10 í staðinn fyrir kl. 9 og veiði skuli hefjast á þriðjudegskvöldum kl. 10 í staðinn fyrir kl. 9. Enn fremur er bætt inn í mgr. ákvæði um, að ráðherra geti ákveðið daglegan stangarveiðitíma í veiðivötnum.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. 22. gr. laganna er bætt ákvæði um, að veiða megi vatnasilung eins og lax og göngusilung til klaks og visindalegra rannsókna, en í lögum er slík veiði nú bundin við lax og göngusilung.

Um 11. gr.

Inn í 2. mgr. 22. gr. laganna er bætt ákvæði um, að óheimilt sé að flytja úr landi hrogn, sem aflað er með undanþágu á friðunartíma, enda komi seiði úr slíkum hrognum þá eigi að notum til fiskræktar innanlands, eins og til er ætlað. Jafna má veiði stofnfisks, sem aflað er á friðunartíma til kreistingar á hrognum til útflutnings, til þess, að löglegur veiðitími sé lengdur, þar sem hrogn slíkra fiska koma eigi að gagni til viðhalds fiskstofnum hér á landi. Rétt þykir að heimila undanþágu frá banni við útflutningi á hrognum fiska, sem veiddir eru á friðunartíma, ef sérstak-

lega stendur á, t. d. ef hörgull er eigi á hrognum til klaks innanlands eða fiskgöngur hafa verið miklar, en veiði lítil að tiltölu. Setja má slíkum útflutningi tiltekin skilyrði, ef þurfa þykir. Útflutningur á hrognum úr fiskum, sem aflað er á lögleyfðum veiðitíma og geymdir eru fram á haust til kreistlingar, svo og á hrognum alifiska, er mönnum á hinn bóginn frjáls.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar mgr., sem verði 3. mgr. 25. gr., er nýmæli. Á undanförnum árum hefur það tíðkæzt töluvert erlendis að eyða óæskilegum fiski í veiðivötnum með þar til gerðum efnum og rækta þar síðan æskilegar fisktegundir. Rétt er að veita heimild til slíkrar meðferðar hér á landi.

Um 13. gr.

Framfarir í gerð efna í veiðitæki eru svo órar, að brýna nauðsyn ber til að hafa eftirlit með því, að ný veiðitæki ofbjóði eigi fiskstofni í veiðivötnum. Er ákvæði þetta sett til þess að tryggja slíkt eftirlit. Sams konar reglur eru í lögum erlendra þjóða.

Um 14. gr.

Rétt þykir að banna stangarveiði, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti. Þykir of mikið lagt á veiðivatn, ef veitt er með öllum veiðitækjum. Virðist einsætt, að skjóta beri loku fyrir slíka meðferð á veiðivatni.

Um 15. gr.

Þessari mgr. er breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á reglum laganna um veiðifélög og fiskræktarfélag.

Um 16. gr.

Settar eru skýrari og fortakslausar reglur um umbúnað lagnetja og króknetja á vikufriðunartíma. Er þetta gert að fenginni reynslu.

Um 17. gr.

Ákvæði 3. mgr. 35. gr. frá og með orðunum: „Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis . . .“ er fellt niður, en í stað þess koma ákvæði um þetta efni í 60. gr. frv. og vísast til skýringa um hana.

Um 18. gr.

Bætt er inn í b-lið 2. mgr. 41. gr. ákvæði um, að mannvirki, er þar greinir, skuli samþykkt á aðalfundi veiðifélags til þess að vera fullgilt til undanþágu frá ákvæðum greinarinnar. Þykir nauðsynlegt, að mannvirkjagerð sú, sem ræðir um í greininni, sé vel undirbúin.

Um 19. gr.

Lagt er til, að VIII. kafli laganna: Um fiskræktarfélag verði felldur niður úr lögnum. Fiskræktarfélag sem sjálfstæðar félagsstofnanir hafa eigi notið þeirrar hylli, sem vonast var eftir, þegar lögin um þau voru samþykkt. Veiðifélög hafa, þar sem þau hafa verið starfrækt, annast fiskrækt, og er það eðlilegt, að sami félagsskapur við eitt og sama fiskihverfi fari með hvort tveggja hlutverk, veiðiskap og fiskrækt. Er þetta einsætt, þá er veiðifélög eru lögbundin, svo sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Við niðurfellingu fiskræktarféлага fer um ráðstöfun á eignum og skuldbindingum eftir löglegum leiðum.

Um 20. gr.

Í frv. þessu er lagt til, að veiðifélög verði lögbundin og gerð að skyldufélögum. Nú eru starfandi veiðifélög í landinu við nær allar helztu veiðiár landsins og nokkur við stöðuvötn. Veiðifélögin hafa reynzt vel, en hins vegar hefur ríkt skipulagsleysi í veiðimálum á þeim stöðum, þar sem slík félög hafa eigi verið stofnuð. Má ætla að

fenginni reynslu, að skapast muni með lögbindingu veiðifélaga miklu meiri festa í meðferð veiðimála en áður til hagsbóta fyrir veiðieigendur og þjóðfélagið. Veiðifélögin hafa betri tök en einstaklingar út af fyrir sig á því að vernda fiskstofnana og vinna að fiskrækt. Í nágrannalöndum hefur lögbundnu skipulagi um veiðimál verið komið á, og styrkir það þá niðurstöðu, að þetta sé rétt leið.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um eitt aðalefni frv., þ. e. að mönnum skuli skylt að stofna veiðifélög í fiskihverfi hverju. Í staflíðum a til d eru taldar upp heimildir veiðifélaga um starfshætti, og eru staflíðirnir a og d nýir. Rétt þykir strax að benda á það hér, að beiti veiðifélag réttarheimildum sínum þannig, að einstakir félagsmenn verði öðrum fremur fyrir tjóni af þeim sökum, þá eiga tjónþolendur rétt til skaðabóta samkv. 60. gr. frv. Samkv. 2. mgr. þessarar gr. er veiðifélag jafnframt fiskræktarfélag. Þykir það eðlilegast, eins og áður var sagt, að sama félag fari með veiði- og fiskræktarmál í einu og sama fiskihverfi.

Um 22. gr.

Í gr. þessari er staflíður d nýr. Er þar svo kveðið á, að veiðifélag megi stofna um veiðivötn á afrétti, sem eru hlutar af einu eða fleiri fiskihverfum, er staðsett eru á sama landsvæði. Liggja haldkvæmnisástæður til grundvallar þessu ákvæði. Oft eru sömu veiðieigendur að vötnum á stórum svæðum, þótt þau séu eigi í sama fiskihverfi. Auðveldar þessi meðferð bæði fiskræktun í slíkum vötnum, leigu á þeim og eftirlit með veiði. Flest afréttarvötn liggja ofan fjallabrúna, sem fiskgöngur komast eigi upp fyrir, og liggja afréttarsvæðin því utan eðlilegra félagssvæða veiðifélaga við árnar.

Í 63. gr. 2. mgr. laga nr. 53/1957 er kveðið svo á, að félagssvæði skuli ætíð ná svo langt upp með vatni, sem veiði er stunduð. Rétt þykir að veita heimild til þess að víkja frá þessari reglu, þegar sérstaklega stendur á. Er orðalag 3. mgr. þessarar gr. við það miðað.

Um 23. gr.

Þar sem ætlazt er til, að veiðifélög verði skyldufélög, verður að setja reglur um stofnun slíkra félaga, er miðist við þá tillögu. Er því svo mælt í frv., að veiðimálastjóri í samráði við veiðimálastjórn skuli hafa frumkvæði að stofnun veiðifélags, ef ábúendur eða eigendur á hinu fyrirhugaða svæði snúa sér eigi að fyrri bragði til veiðimálastjóra og veiðimálastjórnar um félagsstofnun.

Um 24. gr.

Aðilar að fiskræktarfélagi eru eigendur þeirra jarða, þar sem veiði er hægt að stunda í því fiskihverfi. Félagsmenn samkvæmt IX. kafla sömu laga eru ábúendur jarða í fiskihverfinu. Nú er fiskræktarfélag sameinað veiðifélagi, og vaknar þá sú spurning, hvort eigendur eða ábúendur í fiskihverfi skuli vera félagsmenn. Meiri hluti nefndarmanna telur, að ábúendur jarða eigi að vera félagsmenn. Einn nefndarmanna, Gizur Bergsteinsson, tekur þetta fram: „Lax- og silungsveiði hefur frá fornu fari verið stunduð til öflunar búsilags handa heimilum á veiðijörðum. Á síðari tímum hefur orðið breyting á þessu. Lax- og silungsveiði er nú í æ stærra mæli iðkuð sem sérstök tekjuöflunargrein með sölu veiðifangs eða með arðtöku um hendur veiðifélaga. Er hér oft um mjög veigamikla tekjuöflun að tefla. Það virðist því illsamrýmanlegt grunnreglum laga um eignarrétt að svipta veiðieigendur, sem ekki búa sjálfir á jörðum sínum, hluttöku í veiðifélögum, sem jafnframt eru fiskræktarfélag og taka mjög afdrifaríkar ákvarðanir um mikilsverða atvinnugrein og um eign veiðieigenda“.

Gr. svarar til 65. gr. laga nr. 53/1957 að því viðbættu, að aftan við 1. mgr. er tekið upp ákvæði úr 1. mgr. 45. gr. laganna varðandi félagsþátttöku veiðieigenda í almenningi stöðuvatna.

Um 25. gr.

Gr. svarar til 66. gr. laganna að viðbættri 3. mgr., sem fjallar um atkvæðisrétt í veiðifélögum á afréttum, sbr. 5. gr. laganna og d-lið 22. gr. frv. Þykir rétt, að hvert lögbýli, sem aðild á að upprekstrarfélagi, hafi atkvæðisrétt.

Um 26. og 27. gr.

Ákvæði 3. mgr. 66. gr., 67. gr. og 68. gr. laganna eiga eigi við um skylduveiðifélög og eru því felld niður.

Um 28. gr.

Ákvæði 1. mgr. 69. gr. laganna eru við það miðuð, að stofnun veiðifélags sé þegar ákveðin með atkvæðum tilskilins fjölda félagsmanna. Er þar því ákveðið, að um samþykkt og önnur félagsmálefni ráði afl atkvæða. Þá er setja skal skylduveiðifélagi samþykkt, þykir eðlilegt að krefjast þess, að $\frac{2}{3}$ félagsmanna gjaldi henni jákvæði sitt á fyrsta fundi. Ef slíkur meiri hluti er eigi fyrir hendi á fyrsta fundi, hvort sem er vegna ónógrar fundarsóknar eða ósamkomulags, eða af öðrum ástæðum, skal boða til annars fundar, og ræður þar afl atkvæða.

Nú er það tilvik hugsanlegt, að félagsmenn setji sér eigi lögmæta samþykkt, svo sem mælt er í 1. mgr., og ber þá þeim handhöfum stjórnarvalds, sem í 2. mgr. segir, að setja félagi samþykkt, sem gildir, unz félagsmenn sjálfir hefjast handa um setningu samþykktar.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. þessarar gr. er einungis um orðalagsbreytingu, en eigi efnis, frá gildandi ákvæðum að tefla. Í 2. mgr. er nýmæli, er kveður á um gildistöku arðskrár. Hafa oft risið deilur um tímamarkið milli nýrrar og eldri arðskrár. 3. mgr. laganna er bætt inn í 2. mgr. frv., og 3. mgr. er ný í samræmi við framkvæmd þá, sem verið hefur, sbr. 2. mgr. 53. gr. laganna.

Um 30. gr.

5. mgr. 56. gr. (áður 76. gr.) er ný, en er í samræmi við þá framkvæmd, sem hefur verið viðhöfð um þessi mál.

Um 31. gr.

2. mgr. þessarar greinar er nýmæli.

Oft ber nauðsyn til, að hluta af arði veiðifélags sé varið til sameiginlegra þarfa, svo sem byggingar veiðimannahúss eða annarrar mannvirkjagerðar. Eðlilegt virðist, að þessar eignir teljist fylgifé jarða á félagssvæðinu í hlutfalli við arðskrá á hverjum tíma, enda miklum vandkvæðum bundið að greiða ábúanda, er fer frá jörð á félagssvæðinu, hluta hans í þessum eignum. Rísi ágreiningur út af kröfum fráfarandi ábúanda á hendur jarðareiganda vegna framlags til veiðifélags, skal skera úr þeim ágreiningi með mati.

Um 32. gr.

Niðurfall 80. gr. leiðir af niðurfalli ákvæða um fiskræktarfélag, og niðurfall 81. gr. leiðir af því, að veiðifélög skulu verða skyldufélög, sem starfa óslitið.

Um 33. gr.

Gr. er tekin úr VIII. kafla laga nr. 53/1957, er fjallar um fiskræktarfélag, og er hún tekin hér upp í kaflann um veiðifélög, sem eru jafnframt fiskræktarfélag.

Um 34. gr.

Ákvæði þessarar gr. geyma að nokkru reglur 59. gr. laganna, en þau veita félagsmönnum aukna heimild til þess að friða veiðivötn. Hinn aukni réttur felst í heimild til þess: 1) að auka friðun fram yfir vikufriðun, 2) að láta vikufriðun gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, og 3) stytta hámarks lengd fastra veiðivéla. Hins vegar er þess krafizt í frv., að $\frac{3}{5}$ atkvæða allra félagsmanna þurfi til að koma slíkum

veiðitakmörkunum á. Leggja ber áherzlu á, að ráðstafanir, sem ákvæði þetta heim-
ilar, geta leitt til skaðabótaskyldu, skv. 60. gr. frv.

Um 35. gr.

Rétt þykir, að eldisstöðvar séu háðar viðurkenningu veiðimálastjóra, enda eru
þeim veitt ýmisleg sérréttindi og undanþága frá ákvæðum vissra lagagreina.

Um 36. gr.

Gr. svarar til 1. mgr. 60. gr. laga nr. 53/1957, þó þannig, að bætt er inn í gr.
orðunum: „eða klak- og eldisstöðvar“.

Um 37. gr.

Þessi gr. er nýmæli. Með tilkomu fiskeldisstöðva, þar sem sleppt er laxa-
seiðum af göngustærð í frárennsli stöðvanna í þeim tilgangi, að þau komi upp í
þær aftur, verður nauðsynlegt að vernda svæðin framan við eldisstöðvar fyrir allri
veiði. Vænta má, að veiði framan við eldisstöðvar verði reynd undir því yfirskini,
að verið sé að veiða aðrar fisktegundir en lax. Þekkist slíkt í Elliðaavogi við Reykja-
vík. Það er sanngirnismál, að þeir, sem ala upp laxinn, fái að njóta hans, þegar
hann kemur af hafi, enda er það undirstöðuregla, sem byggt var á, er lax- og silungs-
veiðilögin voru samin.

Um 38. gr.

Á X. kaflanum um innflutning á lifandi fiski og hrognum eru gerðar veigamiklar
breytingar og tekin upp nýmæli, sem tryggja eiga betur en gert er nú í lögum, að
fisksjúkdómar berist eigi til landsins eða dreifist út innanlands. Þekking á fisk-
sjúkdómum hefur aukizt mjög hin síðari ár og sömuleiðis skilningur á nauðsyn
þess, að komið sé í veg fyrir, að fisksjúkdómar berist á milli staða og landa. Þykir
nú nauðsyn bera til, að sérfróðir menn í fisksjúkdómum fjalli um slík mál og kanni
sem bezt fisksjúkdóma í vatnafiskum í hverju landi, enda hefur flutningur á vatna-
fiski aukizt mjög hin síðari ár með ört vaxandi fiskeldi.

Með hliðsjón af nýjum viðhorfum í fisksjúkdómamálum þykir rétt að fela sér-
stakri nefnd sérfróðra manna, fisksjúkdómanefnd, framkvæmd fisksjúkdómamála
undir yfirstjórn ráðherra, og er þetta svo og annað efni gr. nýmæli. Með formennsku
í nefndinni fari yfirdýralæknir, sem leggur á ráð um meðferð dýrasjúkdómamála
og sér um framkvæmd þeirra, en með honum sé veiðimálastjóri sem sérfræðingur í
veiðimálum og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum sem yfirmaður
dýrasjúkdómarannsókna í landinu.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að skipa sérfræðing í fisksjúkdómum í Tilraunastöð
Háskólans í meinafræði að Keldum. Er eðlilegt að ætla fisksjúkdómafræðingi að
starfa þar, enda er þar alhliða aðstaða til þess að rannsaka dýrasjúkdóma. Gert er
ráð fyrir, að fisksjúkdómafræðingur kanni sjúkdóma í vatnafiskum hér á landi og
verði fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis í umræddum málum.

Um 39. gr.

75. gr. er efnislega eins og 92. gr. laganna, að öðru leyti en því, að í 75. gr. er
eigi leyft að flytja inn lifandi vatnafiska, heldur einungis hrogn þeirra, enda má
í ýmsum tilvikum sóttþreinsa hrogn, en fiskar verða eigi sóttþreinsaðir á sama hátt,
svo að öruggt sé. Nýmæli er það í gr. að krefjast þess, að heilbrigðisvottorð fylgi
hrognasendingum erlendis frá, enda er slíkri reglu beitt í mörgum löndum.

Um 40. gr.

Í 76. gr. er bannað að flytja skrautfiska til landsins, en svo nefnast smávaxnir
vatnafiskar, sem einnig hafa verið kallaðir „akvarium“-fiskar og hafðir eru í búrum
í hlýju vatni, oftast í hibýlum manna. Vegna sýkingarhættu frá skrautfiskum ber
nauðsyn til að fylgjast með innflutningi þeirra til landsins, eftir því sem við verður

komið. Ráðherra er rétt með samþykki fisksjúkdómanefndar að leyfa tilteknum aðilum að hafa með höndum innflutning skrautfiska. Er ætlunin að koma á eftir föngum eftirliti með heilbrigði skrautfiska. Ókleift mun að koma algjörlega í veg fyrir, að skrautfiskar verði fluttir til landsins, t. d. í plastpokum, sem hafa má í vösum og í farangri ferðamanna.

Um 41. gr.

Efni 77. gr. er í aðalatriðum það sama og í 93. gr. laganna. Fisksjúkdómanefnd er ætlað að gefa fyrirmæli um sóttþreinsun og sóttkví og hafa eftirlit með þessum aðgerðum í stað veiðimálastjóra og yfirdýralæknis, eins og nú er mælt í lögum. Yfirdýralæknir einn gefi fyrirmæli um flutning fisks milli landa með viðkomu á Íslandi, enda má vænta, að slík fyrirmæli muni þurfa að gefa oft með litlum fyrirvara.

Um 42. gr.

Efni 78. gr. er nýmæli. Þykir nauðsyn bera til að hafa heimild í lögum um fyrirskipun á sóttþreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar til þess að koma í veg fyrir, að næmir sjúkdómar berist til landsins með slíkum útbúnaði. Á Bretlandseyjum herjar á lax og fleiri vatnafiska nú þessi árin hættulegur sjúkdómur, sem kallaður er roðsáraveiki, „Ulcerative Dermal Necrosis“. Gæti hann hugsanlega borizt milli landa með veiðitækjum og veiðibúnaði. Með sóttþreinsun er ef til vill kleift að koma í veg fyrir útbreiðslu slíks sjúkdóms. Rétt þykir, að fisksjúkdómanefnd gefi út fyrirskipun um sóttþreinsun, þegar svo stendur á, og einnig hann við innflutningi á dauðum vatnafiskum, ferskum eða frystum, ef hætta er talin á, að fisksjúkdómar geti borizt með slíkum fiskum inn í landið. Bandaríkjamenn krefiast þess, að með vatnafiskum, ferskum eða frystum, sem fluttir eru inn í Bandaríkin, fylgi vottorð frá yfirvöldum í upprunalandinu um, að fiskurinn komi eigi frá stöðum, sem ákveðnir sjúkdómar í vatnafiski finnast á. Vænta má, að fleiri þjóðir muni í framtíðinni gera kröfu til sams konar vottorða.

Um 43. gr.

Efni gr. er í 95. gr. laganna. Sú breyting er gerð á, að í stað veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og yfirdýralæknis í lögnum skuli fisksjúkdómanefnd fjalla um málin.

Um 44. gr.

80. gr. er nýmæli. Í gr. er fjallað um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum og ráðstafanir, sem gera þarf í því sambandi. Með vaxandi fiskeldi í landinu verður nauðsyn á að koma á slíku heilbrigðiseftirliti. Fiski í eldisstöðvum er þjappað saman í miklu magni á lítil svæði, og er fiski bá hættara við kvillum og jafnvel skæðum sjúkdómum. Með eftirliti fæst reynsla um heilsufar alifisks. Mun það stuðla að lækningu á kvillum og skjótri greiningu á banvænum sjúkdómum, sem gera verður sérstakar varúðarráðstafanir gegn, í því skyni að hefta útbreiðslu þeirra.

Um 45. og 46. gr.

Samkvæmt 15. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849 um veiði skyldu sýslumenn ótilkvaddir af eigendum hvert ár á manntalsþingum lýsa friðhelgi selalátra og selalagna. Einnig skyldu sýslumenn lýsa friðhelg ný selalátur, er þættu til þess hæf. Sýslumenn munu í meira eða minna mæli hafa látið farast fyrir að framkvæma friðlýsingu þá, sem mælt er í nefndu lagaákvæði. Hefur því brostið friðlýsingu á selalátrum, þar sem menn hafa stundað selveiði frá fornu fari. Hefur þetta leitt til þess, að dómstólar hafa orðið að skýra ákvæði 13. kafla laga nr. 53/1957 með hliðsjón af ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttinda, sbr. dóm hæstaréttar upp kveðinn 17. nóv. 1967. Ákvæðum 42. og 43. gr. er breytt með hliðsjón af þessu. Í 42. gr. eru felld niður orðin „hverjum manni“, og í 1. og 2. mgr. 43. gr. er sett inn orðið „arðgæf“ í stað orðsins „friðlýst“.

Um 47. gr.

Í 2. mgr. þessarar greinar er fellt niður ákvæðið, að bætur skuli „ákveðnar í eitt skipti fyrir öll“. Er þetta ákvæði ósanngjarnt á verðbólgutímum. Í frv. er ákvæðið, að bætur skuli greiddar í arðskrárhlutfalli, í stað þess að veiðieigendur greiði þær „að tiltölu við veiði sína síðasta ár“.

Um 48.—52. gr.

Í XIII. kafla frumvarpsins er lögð áherzla á það að koma á fót fastmótaðri stjórn beggja höfuðþátta málanna, þ. e. annars vegar veiðilöggjafarinnar og hins vegar fiskræktarákvæða laganna, undir sameiginlegri yfirstjórn veiðimálastjórnar.

Það hefur ekki dulizt nefndinni við endurskoðun þessa mikla lagabálks, að með öllu er það ofviða einum manni að bera ábyrgð og hafa stjórn á öllum þeim margháttuðu verkefnum og tilvikum, sem gert er ráð fyrir í lögnum nr. 53/1957, að séu á hendi eins manns, þ. e. veiðimálastjóra.

Með tilkomu Fiskræktarsjóðs og starfsemi hans, síauknum viðfangsefnum og vaxandi athöfnum á sviði fiskræktar og eldismálanna yrði slíkt óbreytt fyrirkomulag og ástand með öllu óviðráðanlegt.

Það ætti og að vera kappsmál allra þeirra, er vel vilja að þessum málum vinna, að stjórnun þeirra væri sem gleggst og skýrast afmörkuð á milli stjórnunarmanna í höfuðdráttum. Sú mun einnig hafa orðið þróunin í löndum þeim, þar sem mál þessi hafa náð lengst og borið ríkastan árangur.

Gera má einnig ráð fyrir því, að slík verði og reyndin hér á landi í framtíðinni og að smátt og smátt muni höfuðmálefnið skipast í afmarkaðar deildir undir sameiginlegri stjórn, annars vegar veiðimáladeild og hins vegar fiskræktardeild.

1. Veiðimálastjórn.

Í lögnum nr. 53/1957 og eldri lögum eru ákvæði um veiðimálanefnd. Samkvæmt þeim lögum áttu sæti í nefndinni 3 menn. Nú á að fjölga mönnum þessum um 2 og jafnmarga varamenn og meðferð og stjórn Fiskræktarsjóðs verði í höndum þessara manna. Loks er svo gert ráð fyrir því í XIII. kafla laganna, að yfirstjórn klak- og eldisstöðva ríkisins falli einnig undir umrædda menn. Þannig hefur þá allri stjórn veiði- og fiskræktarmálanna verið beint í einn farveg, og þykir því sjálfsagt og rétt að leggja niður nafn veiðimálanefndar og í staðinn komi veiðimálastjórn og að orðalag alls frumvarpsins breytist samkvæmt því.

Fari svo, að ríkisvaldið telji rétt að reisa og starfrækja klak- og eldisstöðvar, sem fjarlæggar eru frá samkomu- og aðsetursstað veiðimálastjórnar, og hún af þeim ástæðum getur ekki sinnt yfirstjórn þeirra fiskræktarframkvæmda, virðist opin leið til endurskoðunar og breytingar á ákvæðum frumvarpsins í þessum efnunum eftir fenginni reynslu, þegar þar að kæmi.

2. Fiskræktarráðunautur.

Þegar um það var rætt í nefndinni og lagðar fram tillögur um það að gera enn gleggri skil á milli framkvæmdar veiðimálanna og fiskræktarmálanna með því að ákveða í frumvarpinu stöðu fiskræktarstjóra, mætti það mótspyrnu. Var þá m. a. borið við auknum kostnaði. Nú er hins vegar upplýst, að þegar hefur verið ráðinn fiskifræðingur í þjónustu veiðimálastofnunarinnar, sem tekið getur að sér starf fiskræktarráðunautar, svo að þar af leiðandi er hér ekki um að ræða viðbótarútgjöld.

Hvaða nafni starfsmaður þessi nefnist, skiptir að sjálfsögðu ekki höfuðmáli, heldur hitt, að starfssvið hans, viðfangsefni og vald sé skýrt afmarkað frá starfssviði, verkefnum og valdi veiðimálastjóra. Á þann hátt nýtast starfskraftarnir bezt og komið í veg fyrir árekstra.

Mörkin á milli þessara starfskrafta ber að tilgreina í reglugerðarákvæðum.

3. Stjórn klak- og eldisstöðva ríkisins.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að breyting verði á stjórn klak- og eldisstöðva ríkisins frá því, sem nú er.

Þessi ráðstöfun hefur sparnað í för með sér, og það er eðlilegt og reyndar sjálf-sagt, að þeim, sem trúað er fyrir störfum í veiðimálastjórn, sé einnig trúað fyrir stjórn fiskræktarstöðva ríkisins, enda hægst fyrir þá hina sömu menn að fylgjast sem gleggst með gangi þessara mála.

4. Aukið vald eftirlitsmanna.

Raddir um aukið eftirlit með lax- og silungsveiðum í landinu gerast æ háværari og liggur til þess síaukin ásækni í veiðar þessar og vaxandi brot á lögum og reglum um málefni þessi. Óskir í þessa átt hafa borizt bæði frá veiðiréttareigendum og veiðimönnum, einstaklingum og félagssamtökum þessara aðila, og er reynt með auknu valdi eftirlitsmanna, sbr. 51. gr. frv., áður 103. gr., að mæta slíkum tilmæl-um. Má ætla, að þetta aukna vald eftirlitsmanna verði mjög til bóta í þeim efn-um að bægja frá brotum á laxveiðilöggjöfinni og draga úr ólöglegum veiðiaðferðum.

Telja verður því, að með framangreindum ákvæðum sé stigið stórt spor fram á veginn til betri stjórnar og skipulags á veiði- og fiskræktarmálunum.

Um 53.—56. gr.

Afskipti opinberra aðila af veiðimálum eru nýlegt fyrirbæri. Hafa fjárveitingar til starfsemi á vegum ríkisins í þeirra þágu svo og til styrkveitinga vegna fiskrækt-araðgerða verið mjög skornar við nögl fram undir það síðasta. Veiðihlunnindi hafa vaxið að magni og verðmætum, og enn má stórauka tekjur af veiði. En til þess að auka verðmæti veiðinnar þarf mikið starf að koma til af hendi ríkisins, félaga og einstaklinga. Menn leita til ríkisins um framlög til þessa, bæði fræðileg og fjárhags-leg. Ber því brýna nauðsyn til að stórauka fjárframlög til veiðimála. Er gert ráð fyrir, að stofnaður verði sérstakur sjóður til þess að efla veiðimálin, en úr honum verði veitt fé m. a. til að stuðla að því, að reyndar verði nýjungar í veiðimálum, styrktar framkvæmdir, svo sem fiskvegagerð og bygging eldisstöðva, með beinum fjárframlögum og lánum. Brýn þörf er á að byggja á næstu árum um 20 fiskvegi fyrir um 12—15 milljónir króna. Nema lögbundnar styrkveitingar úr ríkissjóði þriðj-ungi af þeirri fjárhæð. Þá er þess að vænta, að styrkja þurfi á næsta áratug nokkrar eldisstöðvar, sem geti kostað 5—15 milljónir króna hver.

Í 55. gr. er gert ráð fyrir nýjum tekjustofnum til handa Fiskræktarsjóði auk framlags beint úr ríkissjóði, og er fjárheimtum stillt mjög í hóf. Mikilvægasti tekjuliðurinn yrði 5% af óskirum (brúttó) tekjum vatnsaflsstöðva, og mundi hann nema 400—500 þúsund krónum á ári. Er eigi ósanngjarnt, að lítið brot af þeim tekj-um, sem vatnsaflsið veitir, gangi til þess að búa betur um fiskinn í veiðivötnunum heldur en náttúran gerir sjálf óstudd. Þá er gert ráð fyrir, að veiðimenn greiði ár-legt gjald í sjóðinn, en kvittunin veiti heimild til þess að veiða lax og silung og kaupa leyfi til slíkrar veiði. Enn fremur er veiðifélögum gert að greiða 2% af skir-um tekjum sínum til sjóðsins. Rétt er í þessu sambandi að benda á nokkur veiga-mikil atriði sem skilyrði fyrir láni eða styrkveitingu úr væntanlegum Fiskræktar-sjóði, en þau eru m. a. þessi:

1. Að lagðir séu fram fullkomnir uppdrættir að byggingarframkvæmdum, gerð klak-eða eldisstöðvarinnar eða beggja samþykktar af viðkomandi byggingaryfir-völdum.
2. Að fyrir liggi ljósar upplýsingar um það, að nægjanlegt fjármagn sé fyrir hönd-um til framkvæmdanna og rekstrar með væntanlegri aðstoð Fiskræktarsjóðs.
3. Að nægjanlegt og heilsusamlegt vatn sé fyrir hendi. Að gönguskilyrði séu í við-komandi stöð, sé ráð fyrir slíku gert, varðandi framtíðarrekstur. Efnagreining vatns liggi fyrir frá Atvinnudeild Háskólans, eða annarri hliðstæðri stofnun,

er sannað gæti slíkt, svo og einnig upplýsingar, er staðfesti nægjanlegt vatn til stöðvarinnar, miðað við áætlaða framleiðslugetu, — og framleiðsluáætlun hennar.

4. Að fyrir liggi ýtarlegar upplýsingar um þær fiskategundir og fiskstofna, er rækta skal eða ala í stöðinni.
5. Að fiskræktarráðunautur hafi áður fjallað um þessi atriði og sé þeim meðmæltur, áður en fiskræktarstjórn tekur ákvörðun um fjárhagslega aðstoð við umsækjanda.

Þá er rétt að vísa til eftirfarandi ályktana frá aðalfundum stærstu samtaka sport- og áhugamanna um mál þessi, svo sem Landssambands stangaveiðimanna, Félags áhugamanna um fiskrækt og Stangaveiðifélags Reykjavíkur, svo hljóðandi:

1. Landssamband stangaveiðimanna.

Tillaga til endurskoðunarnefndar lax- og silungsveiðilaga frá aðalfundi Landsambands stangaveiðimanna:

Aðalfundur L.Í.S., haldinn í Hafnarfirði þann 16. nóv. 1968, samþykkir eftirfarandi tillögu:

Í framhaldi af fyrri tillögum L.Í.S. á aðalfundi 1961 og síðar um stofnun Fiskræktarsjóðs telur fundurinn rétt, að tekna til sjóðsins, ef stofnaður verður, sé aflað m. a. á eftirgreindan hátt:

1. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði.
2. Með framlagi frá vatnsaflsstöðvum í landinu.

Um leið og fundurinn felur fulltrúa L.Í.S. í endurskoðunarnefnd lax- og silungsveiðilaganna að koma þessari tillögu á framfæri í nefndinni, leggur fundurinn áherzlu á, að endurskoðun nefndra laga verði hraðað svo, að frumvarp um væntanlegar breytingar verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.

2. Félag áhugamanna um fiskrækt.

Um fjáröflun til klak- og eldisstöðva.

Aðalfundur Félags áhugamanna um fiskrækt, haldinn í Áttahasalnum að Hótel Sögu fimmtudaginn 9. nóvember 1967, bendir á aðkallandi nauðsyn þess, að skapaðir verði fjárhagsmöguleikar fyrir stofnun og rekstur klak- og eldisstöðva laxfiska í landinu hið allra fyrsta. Bendir fundurinn í þessu sambandi á eftirtalin meginatriði í þessum efnum:

1. Að í fjárlögum verði stórhækkaður styrkur sá, sem landbúnaðarráðherra er heimilað að veita til þessarar starfsemi einstaklinga og félaga.
2. Að skylda beri þá aðila, sem virkja fallvötn landsins og þannig hindra fiski-gengd, að þeir leggi fram ríflega upphæð til þessara mála, svo sem gert er í ná-grannalöndum vorum á Norðurlöndum.
3. Framkvæmdasjóður ríkisins láni til þessarar starfsemi og þróunar þessara mála í landinu hagkvæm lán til langs tíma, innan ákveðinnar upphæðar frá ári til árs, í samræmi við þróun þeirra og vöxt.
4. Að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði heimilt að verja ákveðnum hluta láns-fjár síns til þessara mála árlega til að örva þróun þeirra og framgang.

Skorar fundurinn á Alþingi það, sem nú situr, að taka mál þessi föstum tókum og tryggja vöxt þeirra og viðgang í þessum efnum á eðlilegan og sjálfsagðan hátt, svo sem nú er viðurkennt og viðtekið meðal allra menningarþjóða heims.

3. Stangaveiðifélag Reykjavíkur.

Aðalfundur Stangaveiðifélags Reykjavíkur, haldinn 10. desember 1967, beinir þeirri áskorun til Alþingis þess, er nú situr, að tryggð verði með löggjöf, að aðilar

þeir, sem virkja fallvötn til rafmagnsframleiðslu eða annarra nytsamra almenningsþarfa, og á þann hátt torvelda og jafnvel teppa fiskgengd um ár og vötn, verði skyldaðir til að leggja fram fé til byggingar á öruggum fiskvegum við virkjanirnar.

Jafnframt skal virkjunaraðilunum gert að skyldu að greiða eða innheimta árlega ákveðið gjald af seldri orku virkjananna, og skal gjald þetta renna í ákveðinn sjóð, er veiti fé til fiskræktunar í landinu, byggingar klak- og eldisstöðva og til aukningar á göngufiskastofnum í íslenskum ám og vötnum.

4. Stangaveiðifélag Reykjavíkur.

Aðalfundur Stangaveiðifélags Reykjavíkur, haldinn 10. desember 1967, telur aðkallandi, að nú þegar verði látin fram fara ýtarleg rannsókn á því, hvaða gerð eldisstöðva fyrir vatnafiska hæfi bezt íslenskum aðstæðum og hvernig hagkvæmast sé að byggja og reka slíkar eldisstöðvar í sveitum landsins, en að dómi fundarins gætu slíkar eldisstöðvar skapað nýja atvinnugrein í íslenskum landbúnaði og um leið gert tekjuöflunarmöguleika íslenskra bænda að mun fjölbreyttari.

Þess vegna fagnar fundurinn þingsályktunartillögum þeim, sem fram hafa komið á Alþingi undanfarin ár og nú á þessu þingi, er fjalla um fiskræktunar- og eldisstöðvar, og telur þær bæði mjög tímabærar og gagnlegar.

Skorar fundurinn á Alþingi og ríkisstjórn að samþykkja tillögur þessar og jafnframt, að hraðað verði, svo sem framast er unnt, framkvæmdum samkvæmt þeim.

5. Félag áhugamanna um fiskrækt.

Aðalfundur Félags áhugamanna um fiskrækt, haldinn í Áttugasalnum að Hótel Sögu fimmtudaginn 9. nóvember 1967, vekur athygli á nauðsyn þess, að fram fari skipuleg könnun á aðstöðu til fiskeldis og fiskræktunar um land allt, sem geti orðið til leiðbeiningar við áætlanir um framkvæmdir á þessu sviði.

Í þessu skyni felur aðalfundurinn stjórn félagsins að athuga, hvort fá megi hingað til lands erlendan sérfræðing, sem ásamt innlendum aðilum leggi grundvöll að slíkri úttekt á aðstöðu til fiskeldis og fiskræktar.

Fullyrða má, að allir séu sammála um það, að í nýrri og endurskoðaðri löggjöf um lax- og silungsveiði, til breytingar á lögum nr. 53/1957, sé ákveðið, að stofna beri og starfrækja Fiskræktarsjóð, er annist það hlutverk að örva og efla fiskrækt í ám og vötnum landsins, stuðla að skynsamlegum byggingum og rekstri klak- og fiskeldisstöðva og leggja grundvöll að fiskeldi sem atvinnuvegi og nýrri húgrein í landinu með framleiðslu stóraukinna þjóðarverðmæta fyrir augum. Hlutverk þessa sjóðs er því mjög þýðingarmikið og um leið afar víðtækt.

Nú er með stofnun Fiskræktarsjóðs gert ráð fyrir því, að sjóðurinn eigi að verða þess umkominn að annast lána- og styrktarfjárstuðning. Mundu þá að sjálfsögðu framangreindir greiðsluliðir á fjárlögum hverfa, með tilkomu Fiskræktarsjóðs, svo sem vera ber og teljast verður bæði heilbrigðari og skynsamlegri stefna í þessum efnum, sem gera mundi miklu víðtækara og almennara gagn en nú er með árlegum greiðslum á fjárlögum.

Það er því sanni nær að viðurkenna, að hér sé miklu fremur um tilfærslu fjár til ráðstöfunar að ræða heldur en aukin fjáruútlát úr ríkissjóði. Ráðast verður svo að sjálfsögðu hverju sinni, hve aflögufær Fiskræktarsjóður verður árlega til einstakra aðila, eftir því, hvernig árar um tekjur sjóðsins og þörf þeirra, er til hans mundu sækja.

Hins vegar verður það að teljast kostur að geta látið greiðslur þessar að verulegu leyti hverfa af fjárlögum og ráðstöfun á fjármunum þeim, sem til falla til eflingar og styrktar fiskræktarmálunum, vera í höndum þeirra manna, er valdir hafa verið til stjórnunar á málum þessum og fylgjast bezt með þeim og ættu því að vita gleggst, hvar þörfin er mest hverju sinni.

Eðlilegt þykir, að veiðimálastjórn fari með stjórn sjóðsins, en ráðherra setji henni starfsreglur.

Um 57. gr.

Gr. er að mestu í samræmi við 105. gr. laganna. Í upphafi gr. koma orðin „úr Fiskræktarsjóði“ í stað orðanna „úr ríkissjóði“, en samkvæmt 92. gr. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður m. a. leggi Fiskræktarsjóði til fé.

Um 58. gr.

Leiðir þetta af breyttri löggjöf um lánasjóði landbúnaðarins.

Um 59. gr.

Menn standa oft í þeirri trú, að þeir hafi tveggja mánaða málskotsfrest samkvæmt lögunum, og verða því of seinir fyrir um málskot. Þykir því eðlilegt að breyta orðunum „8 vikur“ í orðin „tveir mánuðir“.

Um 60. gr.

Í 1. mgr. koma í stað orðanna „með öllu“ orðin „að mestu eða öllu“. Þykir rétt að rýmka skaðabótarétt manna á hendur ríkissjóði og sýslusjóði frá því, sem nú er í lögum.

Í nefndinni var um það rætt, hvort setja bæri beinar og meiri lagahömlur en frv. gerir ráð fyrir á rétt manna til að veiða með föstum veiðivélum. Eigi þótti til-
tækt að gera það, nema leggja þá um leið skaðabótaskyldu á opinbera aðila. Hins vegar er veiðifélögum með 31. gr. frv. veittur réttur til að takmarka í friðunar-
skyni með $\frac{3}{5}$ hlutum atkvæða allra félagsmanna veiði í fiskihverfi veiðifélags. Af slíkum takmörkunum getur leitt bótaskyldu, og kveður þessi mgr. á um, hvernig þeirri bótaskyldu skuli til lykta ráðið. Samkvæmt þessu geta félagsmenn friðað veiðivötn í fiskihverfi sínu umfram það, sem fastákveðið er í lögum, gegn því að taka á sig að greiða bætur til þeirra, er af því bíða tjón.

Um 61. gr.

Refsiákvæðin, sem áður var dreift í 110.—113. gr. laganna, hafa öll verið flokk-
uð í þessari gr. frv., og refsimörkin hafa verið stórum rýmkuð, þannig að dómstól-
um er veitt miklu meira ákvörðunarrúm en áður var. Virðast ákvæðin, eins og þau liggja nú fyrir, vera miklu skýrari og aðgengilegri en er í lögnum. Benda má á, að refsing fyrir laxveiði í sjó er hert að miklum mun.

Um 62. gr.

Gr. er efnislega óbreytt frá 114. gr. laganna.

Um 63. gr.

Ákvæði gr. eru tekin úr 1. mgr. 110. gr. laganna og er sektarupphæð felld niður.

Um 64. gr.

Ákvæði gr. er tekið úr 115. gr. laganna og hætt er við hana orðunum: „sbr. þó 101. gr.“

Um 65. gr.

Gr. breytir um röð.

Um 66. gr.

Gr. er nýmæli. Heppilegt er, að löggæzlumenn á flugvélum Landhelgisgæzlunnar hafi eftirlit með veiðimönnum í veiðivötnum landsins, þá er flugvélar þessar eru

á gæzluflogi. Heppilegt er að létta á héraðsdómurum rannsókn og uppsögn dóma vegna brota á löggjöf þessari, Virðist eðlilegt að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að fjalla um þessi mál.

Um 67.—70. gr.

Purfa eigi skýringar við.

Niðurlagsorð.

Frumvarp þetta byggist í meginmáli á frumvarpi því um sama efni, sem landbúnaðarráðherra lagði fram í lok síðasta Alþingis. Gafst þá hvorki tími né tómi til þess, að Alþingi fjallaði um þetta yfirgripsmikla mál.

Í niðurlagi frumvarps þess, er að framan getur, var skýrt frá því, að nefnd sú, sem landbúnaðarráðherra skipaði í ágústmánuði 1967 til að endurskoða lög um lax- og silungsveiði, nr. 53 5. júní 1957, hefði orðið „sammála í sumum greinum, en öðrum eigi“ og hefðu 3 nefndarmanna samið sérfrv. um ágreiningsefnin. Einnig er í niðurlaginu skýrt frá fyrirvara annarra 3 nefndarmanna um einstök atriði og því ekki nema 3 nefndarmenn, sem raunverulega stóðu að umræddu frumvarpi, eins og landbúnaðarráðherra lagði það fyrir Alþingi.

Mörg ákvæði í hinu umrædda frumvarpi voru tvímælalaust til stórra bóta frá því, sem var í hinum eldri lax- og silungsveiðilögum, svo sem um aukna friðun, lögbindingu veiðifélaga, stofnun Fiskræktarsjóðs, aukið og hert eftirlit og löggæzlu, ákvæðin um dómssvald fyrir brot á löggjöfinni og stórhækkun sektarákvæði. Að sjálfsgöðu er þessum ákvæðum ekki haggð í frumvarpi því, sem nú er hér með lagt fyrir Alþingi. Hins vegar eru þau í ýmsum greinum aukin og gerð ýtarlegri, leitast við að skapa skýrari ákvæði og markalínur á milli þeirra, er eiga að hafa með höndum framkvæmd laganna, og þá í þeim efnum tekið tillit til sérfrumvarps þess, er 3 nefndarmanna sömdu og sendu landbúnaðarráðherra, en ekki var lagt fyrir Alþingi. Landbúnaðarráðherra skýrði hins vegar frá því, að frumvarp þremminganna lægi fyrir til sýnis og afnota fyrir þingmenn.

Hin veigamestu atriði, sem í þessu frumvarpi eru, en voru ekki í frumvarpi landbúnaðarráðherra frá síðasta Alþingi, fjalla um 1) aukna friðun, 2) breytingu á fyrirkomulagi og stjórn veiði- og fiskræktarmálanna, 3) stjórn og rekstur laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði og um 4) stofnun og starfsmöguleika Fiskræktarsjóðs.

Þótt ekki sé lengra um liðið en frá síðastliðnu vori, þegar landbúnaðarráðherra lagði fyrrgreint frumvarp fyrir Alþingi í maímánuði, hafa þó ýmsir þeir atburðir gerzt, sem kalla á skjóta og viðtæka endurbót á lax- og silungsveiðilöggjöfinni, og má í því efni sérstaklega nefna:

1. Sífelld vaxandi laxveiðar á línu og í net á Atlantshafi.
2. Aukna ásókn útlendinga í veiðiréttindi í íslenskum ám og vötnum.
3. Þjóðarnauðsyn á að hefja fiskeldi sem búgrein og stóran þátt í útflutningstekjum þjóðarinnar.
4. Stóraukna fiskrækt.
5. Aukna fræðslu um þessi þýðingarmiklu mál.
6. Rannsóknir og lýsingar á veiðivatnasvæði landsins. — Og síðast, en ekki sízt: 7. Skyldur vatnsaflsstöðva og orkuvera við fiskræktarmálin.

Það er því ekki seinna vænna, að Alþingi fjalli um mál þessi og það verði reynt, hvort meiri hluti fáiast fyrir því að beina þeim inn á svipaðar brautir og aðrar menningarþjóðir hafa talið nauðsynlegt.